

Minnisblað

Dagsetning: 19.12.2023

Viðtakandi: Guðný Vala Þorsteinsdóttir, Náttúrufræðistofnun Íslands

Sendandi: Þorkell Lindberg Þórarinsson, Náttúrustofa Norðausturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2023. Verkefni – Jökulsárgljúfur-Vatnajökulspjóðgarður. Ágengar og framandi tegundir.

Í stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs er markmið um að vernda náttúrulegt gróðurfar og líffræðilega fjölbreytni innan Vatnajökulspjóðgarðs. Þar eru settir fram skilmálar um að eyða og halda í skefjum framandi tegundum, eins og alaskalúpínu, sem taldar eru geta spillt náttúrulegu gróðurfari og/eða líffræðilegri fjölbreytni. Þar er jafnframt lagt til að vaxtarstaðir og útbreiðsla framandi tegunda innan þjóðgarðsins skuli kortlögð og á grunni þeirrar vinnu sett fram markmið um hvaða tegundum skuli eytt og hverjum haldið í skefjum. Í framhaldinu verði svæðisbundnar aðgerðaáætlanir unnar sem kveða nánar á um til hvaða aðgerða skuli gripið innan hvers svæðis¹.

Framkvæmd 2023

Sumarið 2023 var nánasta umhverfi Dettifossvegar innan þjóðgarðs í Jökulsárgljúfrum, Vatnajökulspjóðgarði skoðað m.t.t. framandi plöntutegunda. Litið var eftir framandi plöntutegundum við vegi, bílastæði og áningastaði hjá Dettifossi, Hólmatungum, Miðdegishæð, Hljóðaklettum og Langavatnshöfða og nánasta umhverfi þeirra skoðað. Síðastliðin ár hafa átt sér stað miklar framkvæmdir við vegi og bílastæði á svæðinu með tilheyrandi raski á gróðri. Svæðið er því viðkvæmt gagnvart innflutningi tegunda. Fundarstaðir tegunda voru hnitsettir, bæði stakar plöntur og breiður. Vettvangsvinna fór fram 31. ágúst 2023.

Úrvinnsla

Fundarstaðir voru settir inn í landfræðilega upplýsingakerfið Qgis og útbúnað myndir sem sýna staðsetningu plantnanna.

Niðurstöður og umræður

Á Dettifossvegi milli Tóveggjar og Vesturdals sást alaskalúpína á nokkrum stöðum á meðan ekið var rólega eftir veginum. Tekin voru hnit af sex fundarstöðum á þeirri leið en líklegt er að einhverjir hafi yfirsést og þeir verið fleiri. Engin alaskalúpína fannst sunnar á þessum vegakafli en sumarið 2021 en þá var lúpínan meðfram veginum kortlögð með nákvæmum hætti um leið og plöntur hennar voru upprættar, sjá minnisblað 2021.

Innan þjóðgarðs fannst lúpínuplanta við bílastæðið hjá Dettifossi og skammt sunnan þjóðgarðsins eru breiður af alaskalúpínu beggja vegna Dettifossvegar auk stakra plantna út frá annarri breiðunni (1. – 3. mynd).

Skammt frá afleggjara að Hólmatungum fundust tvær plöntur af alaskavíði í vegkanti Dettifossvegar (4. – 5. mynd).

¹ Vatnajökulspjóðgarður 2022. Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs, náttúruvernd, útivist og byggðapróun. 3. útgáfa.



Í haust sáu starfsmenn Náttúrustofunnar einnig lúpínuplöntur í lerkilundi (syðri) inni í Ásbyrgi. Auk þess eru lúpínubreiður og stakar plöntur sunnan þjóðveggar við Ásbyrgi og Ástjörn, sjá minnisblöð 2020 og 2021.


Náttúrustofan vill einnig vekja athygli á að barrtré í Ásbyrgi eru farin að sá sér út í einhverjum mæli, innan sem utan skógar. Þar er bæði um að ræða lerki og stafafuru. Litlar lerkiplöntur sjást í nokkrum mæli inn í og umhverfis syðri lerkilundinn. Við talningar Náttúrustofunnar á fyl í sumar sáust einnig sjálfsáðar lerkiplöntur á syllum og efst í klettum Ásbyrgis. Þá hafa fundist lerkiplöntur á Ásbyrgisbarmi. Stafafura vex skammt sunnan við Eyjuna og hafa þau tré einnig sáð sér út í byrginu (6. mynd). Mikilvægt er að unnið verði að þeim markmiðum og skilmálum sem sett eru fram um skóginn í Ásbyrgi í Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs en þar segir á bls. 91-92¹:

Markmið:

- *Að vernda líffræðilega fjölbreytni birkiskógarins.*
- *Að vernda og efla birkiskóginn með því að hindra frekari útbreiðslu barrtrjáa innan hans. Að stuðla að aukinni útbreiðslu reyniviðar.*
- *Að viðhalda útsýni af Ásbyrgisvegi og öðrum mikilvægum útsýnisstöðum. Að viðhalda góðu aðgengi á völdum leiðum innan skógarins.*

Skilmálar:

- *Völdum gönguleiðum innan skógarins skal haldið opnum með tilheyrandi grisjun trjáviðar en að öðru leyti skal grisjun hans haldið í algjöru lágmarki.*
- *Stuðla skal að útbreiðslu innlendra trjátegunda í þær opnur sem myndast við fellingu innfluttra tegunda eins og barrviðar.*
- *Sjálfsáðar plöntur barrviðar og annarra innfluttra tegunda innan og í nágrenni birkiskógarins skulu fjarlægðar.*




1. mynd. Útbreiðsla alskálúpínu við Dettifossveg skammt sunnan Dettifoss. Loftmyndagrunnur er fenginn af Google Earth.



2. mynd. Alaskalúpína við bílastæði við Dettifoss.




3. mynd. Breiða af alaskalúpínu við Dettifossveg, skammt sunnan vegar að Dettifossi.



5. mynd. Fundarstaður alaskaviðis og alskálúpinu við Dettifossveg. Loftmyndagrunnur er fenginn af Google Earth.



6. mynd. Alaskavíðir við Dettifossveg.



7. mynd. Sjálfsáð stafafura við göngustíg í Ásbyrgi.